BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 485

# Karl I – Probus

## stofnaður af Rótarýklúbbnum Reykjavík – Austurbær og er í óformlegum tenglum við hann

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

*Einkaskjalasafn nr. 485*

# Karl I – Probus

Formáli

Klúbburinn Próbus var stofnaður 2. apríl 1975, nafninu var síðan breytt í Karl I í október 1977. Probus - Karl I var stofnaður af Rótarýklúbbnum Reykjavík – Austurbær og er í óformlegum tenglum við hann. Sjá nánar um upphaf klúbbsins í fundargerð stofnfundar 2. apríl 1975.

## Starfsreglur – klúbbsins Karl I.

**1. gr**. Klúbburinn heitir Karl 1. Heimili hans er í Reykjavík.

**2. gr**. Karl 1. er stofnaður af Rótarýklúbbnum Reykjavík - Austurbær og er í óformlegum tengslum við hann.

**3. gr.** Tilgangur Karls 1. er að veita félögum tækifæri til kynningar, fræðslu og skemmtunar.

**4. gr.** Félagar geta þeir orðið, sem komnir eru á eftirlaunaaldur.

**5. gr.** Tillögur um nýja félaga skulu lagðar fyrir stjórnina sem síðan leggur inntökubeiðnina fyrir almennan félagsfund. Hver og einn getur gert tillögu um nýja félaga.

**6. gr.** Fundir skulu haldnir fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 14.00, þó ekki sumarmánuðina júní, júlí, ágúst og september. Fundur fellur niður í janúar. Heimilt er félögum að taka með sér gesti á fundi, en þó skal fá samþykki formanns til þess.

**7. gr.** Aðalfundur skal haldinn í apríl mánuði ár hvert og þriggja manna stjórn kosin til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum innan tveggja vikna frá aðalfundi, en stjórnina skipa: Formaður, ritari og gjaldkeri. Á aðalfundi skal og kjörinn einn varamaður í stjórn og tekur hann sæti stjórnarmanns i forföllum.

**8. gr.** Starfsreglum þessum má breyta á almennum fundi eða aðalfundi með 2/3 atkvæða fundarmanna, þó því aðeins að tilkynnt hafi verið um breytinguna á næsta fundi á undan.

**9. gr.** Starfsreglur þessar þannig samþykktar á stofnfundi PROBUS 1 (síðar Karls 1) miðvikudaginn 2. apríl 1975, breytingar gerðar á 6. gr. 3. nóvember 2004.

# Skjalaskrá

Gögn þessi voru færð Borgarskjalasafni í ágúst 2012 af Erlendi Búasyni.

## Askja 1

Fundargerðabók Próbus og Karls I frá apríl 1975 til mars 1990.
Fundargerðabók Karls I frá apríl 1975 til mars 2006.
Bréf, samantek yfir fyrsta starfsár Próbus 1975 ásamt félagatali, reikningsyfirlit og fylgiskjölum 1976.

## Askja 2

***Örk 1***
Fundargerðir stjórnarfundar í Karli I 2006-2009.

***Örk 2***
Bréf og tölvupóstar varðandi starfið 2009-2010.
Bréf frá Ingimar Einarssyni í Ástralíu 2008.
Myndir 3 stk. og 2 stk. póstkort.

***Örk 3***
Félagatöl, inntökubeiðnir í Karl I.
Minningargreinar og minningarorð um fallna félaga í Karli I.

## Askja 3

Reikningsyfirlit, reikningar og fylgiskjöl 2000-2009.
CD-diskar 3 stk. rafræn gögn Karls I., félagatal o.fl.

Skráð í september 2012,
Jakobína Sveinsdóttir